

**Menntaskólinn á Akureyri**  
**TÓM 103/2V050 – Tónlist og menning**  
**Frjálst val í 3.-4. bekk á haustönn 2012**  
Kennari: Stefán Þór Sæmundsson [stefan@ma.is](mailto:stefan@ma.is)

**Ath. 2 hópar, ýmist saman eða skiptir tímar**

### **Áfangalýsing**

Þetta er þverfaglegur valáfangi þar sem saga dægurtónlistar síðastliðna hálfra öld liggur til grundvallar og er rokkið rauði þráðurinn. Fjallað verður um mismunandi tónlistarstefnur, einstaka hljómsveitir og tónlistarmenn, textagerð, tísku, kvikmyndir, stjórnsmál, lífsstíl, sukk og svínarí, skoðanir og þátt tónlistar í menningu og samfélagi almennt hér heima og erlendis. Auk innlagnar kennara, umræðna og sýnishorna af ýmsu tagi fá nemendur tækifæri til sjálfstæðra rannsókna og tímabilið verður kortlagt með fjölbreyttum verkefnum.

### **Markmið**

Nemendur kynnist hinum ýmsu hliðum rokktonlistar og annarrar vinsællar dægurtónlistar í vestrænu samfélagi og læri að lesa í þjóðfélagið út frá straumum og stefnum í tónlist. Þeir fá þannig nýja nálgun á sitt nánasta umhverfi og sterka mótunarþætti í lífi þeirra sjálfra, foreldranna og jafnvel afa og ömmu. Markmiðið er einnig að nemendur fái fjölbreytta innsýn í tónlist og textagerð og kynnist merktum tónlistarmönnum. Þeir fái líka tækifæri til að kafa sjálfir í einstök tímabil og vinna skapandi verkefni.

### **Kennsluefni**

Glærur og glósur frá kennara. Myndbönd og diskar. Ýmsar greinar í bókum, blöðum, tímaritum og á neti. Efni frá nemendum. – Ekki er um eiginlega kennslubók að ræða en stuðst verður við *The Complete Encyclopedia of Rock* og *Eru ekki allir í stuði?* eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson í umfjöllun rokksöguna og vísa má í ýmsar handbækur, fræðirit og vefsíður.

### **Fyrirkomulag**

Þetta er vinnuáfangi og mikil áhersla lögð á *virgni, sjálfstæð vinnubrögð og uppgötvunarnám*. Til ráðstöfunar eru þrjú tvöfaldir tímar á viku og skiptast þeir að jafnaði þannig:

Mánudagstíminn: Allir í sömu stofu. Innlögn kennara, t.d. með glæruyrirlestur og tónlistarkynningu, væntanlega koma líka gestafyrirlesarar, jafnvel sýndar kvikmyndir.

Þriðjudagstíminn: Tveir hópar í tveimur stofum. Vinnu- og verkefnatímar nemenda, kennari gengur á milli stofa en tímarnir iðulega skipulagðir á moodle og nemendur eiga að geta gengið beint til verks.

Fimmtudagstíminn: Undirbúnings- og vinnutími utan töflu, verkefni á moodle eða vinna utan skólatíma, tónlistarpælingar nemenda í rökkvæðu rými, sjaldnast gert ráð fyrir tímasókn. Stundum notaður fyrir verkefnakynningu nemenda.

## Námsmat

- Fyrirlestur/dagskrá um tímabil/stefnu/hljómsveit: 20%
- Tónlistarmyndband (frumsamin tónlist/texti eða eigin ábreiða): 20%
- Paraverkefni um íslenska tónlist: 10%.
- Grand finale. Viðamikil sköpun, kortlagning og umfjöllun í ritgerð/vefsíðu/myndbandi/tónleikahaldi/útgáfu/smiðju: 40% (vinnuhópar stofnaðir sem fyrst)
- Verkefni á moodle, mæting, ástundun, virkni: 10%

## Kennsluáætlun (þetta er rammi með fyrirvara um smávægilegar breytingar)

1.-3. vika (1950-1960): Upphafið. Rokk og ról eða vagg og velta. Brilljantín, leður, pils, strigaskór, dansað upp um vegg, píkuskærkir og stjörnudýrkun, unglíngamenning verður til.

4.-5. vika (1961-1974): Bítlarokk, trúbadúrar, hippatónlist, sýra og þungt rokk. - Frá síðum toppi, hljómsveitarbúningum og æstum unglíngsstúlkum til hippamenningar, sýru og þælinga.

6.-8. vika (1970-1980): Prógressíft rokk, iðnaðarrokk og diskó. – Viðamikil tónverk og leikhústónleikar, þungt og þróað rokk, síðan útvötnuð amerísk útgáfa og loks diskófárið með glimmer, glamúr og dansi.

9.-11. vika (1978-1985): Pönk, nýbylgja, nýrómantík og gáfumannapopp. – Uppreisn gegn diskói og þróðu rokki, einfaldleiki, ögrun, kraftur og druslutíska.

12.-13. vika (1978-1990): Nýtt rokk, nýtt þungarokk og skallapopp. – Uppsveifla þungarokks og myrkurs, vandað rokk nýtur virðingar, skallapopp með ballöðum og dansvænum lögum.

14.-16. vika (1990-2012): Suðupottur síðustu áratuga. Nýtt bítlarokk, grugg, þungarokk, hip-hop, rapp, teknó, söngkonur, drengja- og stúlknasveitir, dub-step o.fl. – Örlítill innsýn í heim hnakka og trefla, tónlistarmyndbandafárið og kynþokkavæðinguna, hömluleysi, villt líferni, dans og dóp, endurvinnsla, stöðnun og afturhvarf og leitina að nýjum tónum.

**Nánara skipulag viku fyrir viku verður á moodle og eru nemendur hvattir til að fylgjast reglulega með þar enda er virkni metin til einkunnar.**

Með ósk um skemmtilega samveru,

Stefán Þór